

2021

Snemmtæk íhlutun í máli og læsi



Leikskólinn Örku

Mars 2021

Leiðbeinandi verkefnis

Ásthildur Bj. Snorradóttir, *talmeinafræðingur*

Verkefnastjóri og teymi

Gyða Björgvinsdóttir, *verkefnastjóri*
Anna Kristín Helgadóttir, *deildarstjóri*
Árný Jóna Sigurðardóttir, *deildarstjóri*
Gréta Helgadóttir, *deildarstjóri sérkennslu*
Harpa Sif Þorsteinsdóttir, *deildarstjóri*



Mynd: 1: Gréta, Harpa Sif, Árný Jóna, Gyða og Anna Kristín

Ráðgjafi og tengiliður

Halldóra Guðlaug Helgadóttir
leikskólaráðgjafi hjá Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Aðrir sem komu að verkefninu

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, *leikskólastjóri*
Valborg Jónsdóttir, *aðstoðarleikskólastjóri*
Unnur Óskarsdóttir, *deildarstjóri*
Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir, *deildarstjóri*
Þórunn Jónsdóttir, *leikskólasérkennari*

Efnisyfirlit

1.	Tilurð verkefnis.....	4
2.	Inngangur og sérstaða Arkarinnar.....	5
3.	Foreldrasamstarf.....	6
3.1.	Móttökuáætlun.....	7
4.	Fræðileg umfjöllun.....	8
4.1.	Málörvun barna.....	9
4.2.	Snemmtæk íhlutun.....	10
5.	Málörvun í leikskólastarfi.....	11
5.1.	Námsumhverfi í daglegu starfi.....	13
5.1.1.	Matur.....	13
5.1.2.	Fataklefi.....	14
5.1.3.	Salerni.....	14
5.1.4.	Samverustundir.....	15
5.1.5.	Hvöld.....	16
5.1.6.	Leikur.....	16
5.1.7.	Hópastarf.....	17
5.1.8.	Málörvunarstundir.....	18
6.	Námsefni.....	19
6.1.	TMT.....	19
6.2.	Bína.....	20
6.3.	Lubbi.....	21
6.4.	Flokkun.....	22
6.4.1.	Bókasafn.....	22
6.4.2.	Spil og leikir.....	23
7.	Reglubundnar skimanir, athuganir og próf.....	24
7.1.	TRAS.....	24
7.2.	Orðaskil.....	25
7.3.	HLJÓM-2.....	26
8.	Viðbrögð við frávikum og íhlutunarleiðir.....	27
8.1.	Málhljóðamælir.....	27
8.2.	Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn.....	28
8.3.	Íhlutunarleiðir.....	29
8.3.1.	Gefðu 10.....	29
8.3.2.	AEPS.....	29
8.3.3.	TEACCH.....	30
8.3.4.	Heildstæð atferlisþjálfun.....	30
9.	Lokaorð.....	31
10.	Heimildaskrá.....	32
11.	Myndaskrá.....	35
12.	Heimildaskrá fyrir myndir.....	37
13.	Fylgiskjöl.....	39
	Fylgiskjal 1 – Móttökuáætlun.....	40
	Fylgiskjal 2 – Forsíða nemendamöppu.....	41
	Fylgiskjal 3 – Fyrsta viðtal.....	42

Fylgiskjal 4 - Dvalarsamningur	44
Fylgiskjal 5 – Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	45
Fylgiskjal 6 – Upplýst samþykki til myndbirtinga	47
Fylgiskjal 7 – Upplýst samþykki um skráningar í Karellen	48
Fylgiskjal 8 - Upplýst samþykki um flutning gagna á milli skólastiga	49
Fylgiskjal 9 - Bakgrunnsupplýsingar	50
Fylgiskjal 10 – Upplýsingablað vegna nemanda	51
Fylgiskjal 11 – Þátttökuaðlögun	52
Fylgiskjal 12 – Verkferlar bakgrunnsupplýsinga	54
Fylgiskjal 13 – Foreldrasamtal eftir aðlögun	55
Fylgiskjal 14 – Foreldrasamtal	57
Fylgiskjal 15 - Matartímar	59
Fylgiskjal 16 – Fataklefi.....	60
Fylgiskjal 17 – Salerni	61
Fylgiskjal 18 – Samverustund	62
Fylgiskjal 19 – Hvíld	63
Fylgiskjal 20 – Leikur	64
Fylgiskjal 21 – Hópastarf	65
Fylgiskjal 22 – Málörvunarstundir	66
Fylgiskjal 23 – TRAS	67
Fylgiskjal 24 – Niðurstöður úr Orðaskil	68
Fylgiskjal 25 – Orðaskil	69
Fylgiskjal 26 – Niðurstöður úr HLJÓM-2.....	70
Fylgiskjal 27 – Hugmyndir til að efla hljóðkerfisvitund barns	71
Fylgiskjal 28 – HLJÓM-2.....	72
Fylgiskjal 29 – Verkferlar sérkennslu.....	73
Fylgiskjal 30 – Námsmarkmið.....	74
Fylgiskjal 31 – Einstaklingsnámskrá.....	75

1. Tilurð verkefnis

Haustið 2018 auglýsti Menntamálastofnun eftir þátttakendum í þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málproska og læsi* í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu ásamt Eddu G. Antonsdóttur þáverandi forstöðumanni sóttu um þátttöku fyrir hönd leikskólanna fimm á skólaþjónustusvæðinu en komust ekki að.

Mikill vilji er innan leikskólanna til að auka þekkingu og færni alls starfsfólks í vinnu með málörvun og málproska leikskólabarna. Vaxandi fjölmening á svæðinu ýtir undir þörf fyrir meiri þekkingu á málþáttum tungumálsins, málörvunarefni, undirstöðum fyrir lestur og hvernig megi nýta þá þekkingu sem best til snemmtækrar íhlutunar í leikskólastarfi. Stjórnendur leikskólanna ásamt sveitarstjórnnum sveitarfélaganna; Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps ásamt stjórn Skólaþjónustunnar sýndu mikinn áhuga á að taka þátt í verkefninu. Ásthildur Bj. Snorradóttir var ráðin verkefnastjóri varðandi innleiðingu á þessu þróunarverkefni í náinni samvinnu við Halldóru Guðlaugu Helgadóttur.

Markmið verkefnisins eru:

- Að öll börn í leikskólunum nái árangri hvað varðar mál, tal og boðskipti.
- Að leikskólabörn fái íhlutun og kennslu við hæfi.
- Að leikskólar taki leiðandi hlutverk í valdeflingu starfsfólks til að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar í daglegu starfi til að efla málfærni og læsi.

Afurð verkefnisins er þessi handbók sem unnin var samkvæmt aðgerðaráætlun og handbókarramma verkefnisins. Í handbókinni kemur fram hvernig starfsfólk leikskólans nýtir málörvunarefni á markvissan hátt. Verkferlar og vinnulag var gert skýrara ásamt uppbygginu málörvunarstunda og mati á árangri.

Myndaður var vinnuhópur innan leikskólans til að halda utan um verkefnið. Leikskólanum var veitt ráðgjöf við uppbyggingu á handbókunum, mikilvægum þáttum tengdum málproska og læsi leikskólabarna og flokkun á námsefni. Starfsfólk leikskólans hefur lagt mikla vinnu í handbókina og má segja að samvinna, seigla, umhyggja og metnaður hafi orðið leiðarljós vinnuhópsins.

2. Inngangur og sérstaða Arkarinnar

Leikskólinn á Hvolsvelli hóf starfsemi árið 1973 og hefur hann stækkað jafnt og þétt yfir árin auk þess sem hann hefur flust milli húsa. Árið 1994 var fyrsta húsnæðið sem var sérstaklega byggt sem leikskólabygging tekið í notkun og hlaut leikskólinn þá nafnið Örk. Síðan þá hefur leikskólinn stækkað mikið og er núna fimm deilda leikskóli, með aðsetur í þremur húsum með rými fyrir 100 nemendur. Framkvæmdir við byggingu nýs leikskóla munu hefjast á árinu, um er að ræða átta deilda leikskóla. Leikskólinn Örk er eini leikskólinn í Rangárþingi eystra.

Uppeldisstefna Arkarinnar er byggð á hugmyndafræði hugsmíðahyggju. Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir. Nemandinn býr þannig til nýja þekkingu sem byggð er á skilningi hans á umhverfinu og fyrri þekkingu (Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir, 2012). Ný þekking verður til í samskiptum og samspili við aðra. Til þess að börn geti nýtt sér hugmyndir hugsmíðahyggjunnar í þekkingarsköpun þarf að hafa ákveðna færni í málþroska. Í þessari handbók verður fjallað um hvernig leikskólinn Örk nálgast kennslu nemenda í gegnum hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar með áherslu á snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna.



Mynd: 2: Hreyfileikur í hópastarfi

3. Foreldrasamstarf

Í skólanámskrá leikskólans er áhersla lögð á að foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og leikskólanám er viðbót við uppeldi þeirra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu, opnum samskiptum og góðu upplýsingaflæði milli heimila og skóla.

Samvinna heimilis og skóla er einn mikilvægasti þáttur í allri vinnu með börnum. Foreldrar þurfa að vera virkir þátttakendur í málörvun, til dæmis með því að byrja eins fljótt og mögulegt er að auka málskilning, bæta boðskiptafærni og máltjáningu barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2004).



Mynd: 3: Aðventukaffi

Hlutverk kennara

- Miðla myndum úr starfinu til að auka umræðu heima fyrir.
- Senda heim sönglög til að auka flæði.
- Senda heim fréttir af því sem er gert, oft samdægurs á Facebook.
- Miðla til foreldra þekkingu á málþroska barna og hvað er eðlilegt á hverju tímabili.
- Leiðbeina foreldrum og koma með hugmyndir að málörvunarleiðum.
- Bregðast við ef foreldrar hafa áhyggjur af málþroska barna sinna og fylgja verkferlum leikskólans varðandi íhlutunarleiðir.

Hlutverk foreldra

- Fylgjast með því sem er að gerast í leikskólanum. Hægt er að fylgjast með fréttum á heimasíðu leikskólans, í gegnum Karella smáforritið og á Facebooksíðum deilda og leikskólans auk þess sem sendir eru tölvupóstar til foreldra.
- Styðja við leikskólagöngu barna sinna með því að mæta á viðburði á vegum leikskólans.
- Vera meðvitaðir um og fylgjast með málþroska barna sinna.
- Ef foreldrar hafa áhyggjur af málþroska barna sinna er mikilvægt að þeir orði það við kennara þannig að hægt sé að bregðast við því, með því að veita viðeigandi ráðgjöf og íhlutun.

3.1. Móttökuáætlun



Mynd: 4: Tónlist í aðlögun

Þegar barn fær inngöngu í leikskólann fer í gang ákveðið ferli sem fellur undir móttökuáætlun leikskólans (sjá fylgiskjöl 1-11). Í fyrsta viðtali við deildarstjóra veita foreldrar upplýsingar sem skipta máli varðandi barnið og fjölskylduhagi þess, eins fær deildarstjóri upplýsingar sem skipta máli varðandi málþroska. Þarna er strax farið að huga að markvissri málörvun barnsins og fyrstu skref leikskólans í snemmtækri íhlutun byggjast á þessum upplýsingum. Ef upplýsingar foreldra benda til fráviks í málþroska er unnið eftir viðeigandi verkferlum (sjá fylgiskjal 12. Sex til átta vikum eftir aðlögun er fyrsta foreldrasamtalið og eftir það tvisvar á ári, í október og maí (sjá fylgiskjöl 13 og 14).



Mynd: 6: Mæðgin í aðlögun



Mynd: 7: Feðgar í aðlögun



Mynd: 5: Merki leikskólans

4. Fræðileg umfjöllun

Bernskulæsi er undanfari læsis þar sem ákveðin færni, þekking og viðhorf þróast. Nemendur læra að ritmál hefur tilgang og merkingu og að talmál og ritmál tengjast órjúfanlegum böndum. Bernskulæsi inniheldur hefðbundna læsisþætti sem þróast jafnhliða og hafa víxlverkandi áhrif hver á annan, þeir þættir eru meðal annars málþroski, tilgangur og hlutverk ritmáls, bókstafaþekking og ritun, hljóðkerfisvitund, tengsl lesturs og máls ásamt skilningi á uppbyggingu texta (Halldóra Haraldsdóttir, e.d.).



Mynd: 8: Bóklestur í leik

Í leikskólanum er lögð áhersla á að hafa ritmál sýnilegt og eru til dæmis húsgögn og innréttingar merkt, myndrænt dagskipulag er á veggjum, samskiptareglur eru uppi, stólar og sæti í samverustundum á yngri deildum eru merkt með nafni og hólfi barna eru merkt með nafni barns og Lubbatákni fyrir máhljóð fyrsta bókstafs barnsins. Bækur eru ávallt aðgengilegar börnunum og í boði í leik. Skipulag starfsmanna er sýnilegt og börn sjá það í notkun.

Leikskólinn Örk og Hvolsskóli unnu sameiginlega lestrarstefnu árið 2019 sem gildir til 2022. Aðalmarkmið útgáfu læsisstefnu Leikskólans Arkar og Hvolsskóla er að bæði starfsmenn sem þar starfa og foreldrar hafi sameiginlega sýn og stefnu til að bæta lestrarfærni nemenda. Lestarstefnuna má nálgast [hér](#).



Mynd: 10: Landfræði í leik



Mynd: 9: Unnið með bókstafi í málörvun

4.1. Málörvun barna

Málþroski er stór hluti af þroska hvers barns. Fram að þeim tíma sem barnið segir fyrstu orðin sín er barnið upptekið við að greina á milli hljóða og orða sem það heyrir í umhverfinu. Bæði hlustun og málskilningur aukast með tímanum og þá kemur að því að barnið segi fyrsta merkingarbæra orðið sitt (Þóra Másdóttir og Friðrik Rúnar Guðmundsson, 2015). Smátt og smátt fer barnið að skilja að sum hljóð og hljóðasambönd geta haft ákveðna merkingu og að hlutirnir í umhverfinu bera nöfn.

Fyrstu orðin koma oftast á tímabilinu 10-18 mánaða og getum við sagt að barnið hafi lært sitt fyrsta orð þegar það notar það ákveðið í boðskiptum við aðra, það er notar orðið markvisst (Hrafnhildur Sigurðardóttir, e.d.). Við tveggja ára aldur ættu börn að vera farin að tengja saman tvö orð í setningu. Tveggja og hálfis árs gömul börn eru oft farin að tjá sig með þriggja til fjögurra orða setningum og ættu að hafa að minnsta kosti 100 orð í orðaforða (Elín Þóll Þórðardóttir, 1998). Fjögurra ára eru þau farin að mynda og skilja flóknari setningar og orðaforði hefur aukist til muna (Þóra Másdóttir og Friðrik Rúnar Guðmundsson, 2015). Til að stuðla að auknum málþroska barna er gott að setja orð á allar athafnir daglegs lífs. Nota skal setningamyndun út frá aldri og skilningi barnanna (Christophersen og Mortweet, 2004). Til að örva börn til tals þarf að tala við þau og ekki síður að hlusta á hvað þau hafa að segja. Þeir einstaklingar sem eru í umhverfi barnanna þurfa að vera góðar fyrirmyndir og huga að því hvað barnið segir frekar en hvernig það talar (Valdís B. Guðjónsdóttir, 2007).



Mynd: 11: Samræður í gönguferð

4.2. Snemmtæk íhlutun

Með markvissri málörvun í leik og starfi er hægt að koma í veg fyrir meiriháttar erfiðleika síðar á lífsleiðinni. Með snemmtækri íhlutun er leitast, við að einstaklingsmiða málörvun að þörfum hvers og eins (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010; Torres og Westby, 2009). Snemmtæk íhlutun felur í sér að brugðist er við um leið og grunur um málþroskafrávik hjá ungum börnum vaknar. Íhlutun sem byrjar snemma og stendur yfir í langan tíma hefur meiri áhrif heldur en sú sem byrjar seinna og stendur skemur yfir, en ákefð íhlutunar skiptir miklu máli (Fricke, Bowyer-Crane, Haley, Hulme og Snowling, 2013). Mikilvægt er að ræða stöðu barna og setja námsmarkmið í samstarfi við foreldra varðandi mál, tal og boðskipti, því þannig verður barnið sem best undirbúið fyrir það nám sem framundan er. Sama á við ef vísa þarf börnum til sérfræðinga, til dæmis sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga eða talmeinafræðinga.



Mynd: 12: Aðgengilegar bækur skapa tækifæri til lesturs

Í leikskólanum Örk er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun í málörvun barna. Öll börn fara í skipulagðar málörvunarstundir vikulega, auk þess er lesið á deildum daglega, bæði í hópum og einstaklingslega. Mikil áhersla er á að hafa bækur alltaf aðgengilegar fyrir börnin og kennarar bregðast við frumkvæði barnsins til lesturs. Í málörvunarstarfi er áhersla á Tákni með tali (TMT), söng, bóklestur, boðskipti Bínu og Lubba en fjallað verður nánar um þessa þætti í 6. kafla.

5. Málörvun í leikskólastarfi

Almenn málörvun í daglegu starfi er eitt af því mikilvægasta sem leikskólinn getur lagt af mörkum í þroska barna. Mikilvægt er að hafa umhverfi í leikskólum mál-og læsishvetjandi og þurfa börnin að hafa aðgang að málörvunarefni við hæfi hvar og hvenær sem er. Málörvun þarf að vera fléttuð inn í allt starf leikskólans og huga þarf að þáttum eins og orðaforða, máltjáningu ásamt hlustun og ritun. Kennarar þurfa að vera vel undirbúnir til að grípa tækifæri til málörvunar þegar þau gefast (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011). Ef málörvun gengur vel kemur það fram í aukinni lífsleikni, bættri líðan og betri námsárangri (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2004).



Mynd: 13: Leiðbeiningalestur

Rannsóknir hafa sýnt fram á að hvíld og svefntími barna að degi til hefur þau áhrif að málfræðilegt mynstur tungumálsins og orðaforði sitji betur í minni barna. Því hefur sýnt sig að dagsvefn spilar mikilvægt hlutverk í að þróa langtímaminni (Friedrich, Wilhelm, Born og og Friederici, 2015; Hupbach, Gomez, Bootzin og Nadel, 2009; Jiang, 2019). Í leikskólanum fara öll börn í hvíld í að minnsta kosti 30 mínútur, hvort sem þau sofna eða hvílast við slökunartónlist.



Mynd: 14: Samræður um náttúruna í útikennslu



Mynd: 15: Mála snjó inni

Börn hafa almennt gaman af því að leika sér og því er kjörið að nýta leikinn markvisst til málörvunar, til dæmis að læra hljóð dýra í dýraleik, heiti líkamshluta við klæðnað og heiti mismunandi hluta við að skoða bækur (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 1996).

Leikur er meginnámsleið barna og í gegnum sjálfsprottinn leik tjá þau hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Þannig fá þau aukin tækifæri til að skilja umhverfi sitt, taka þátt í lýðræðislegum athöfnum ásamt því að setja fram eigin hugmyndir samhliða því að skoða hlutina frá sjónarmiði annarra. Í leik skapast þörf fyrir boðskipti og fjölbreytta notkun tungumálsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).



Mynd: 16: Samvinna í hreyfingu



Mynd: 17: Fundur með sveitarstjóra

Einnig er kjörið að nýta matartíma til þess að skapa þörf fyrir boðskipti, læra hugtök tengd mat og til þess að hvetja börnin til að eiga samskipti. Á sama hátt er mikilvægt að nýta útiveru til þess að kenna börnum ný hugtök tengd nánasta umhverfi. Það þarf að skapa börnum uppbyggilegar leikaðstæður þar sem stefnt er að því að allir geti tekið þátt á sínum forsendum (Ásthildur Bj. Snorrardóttir, 2004).

5.1. Námsumhverfi í daglegu starfi



Mynd: 18: Smíðavinna í sköpun

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans hafi þekkingu til að beita aðferðum sem felast í snemmtækri íhlutun og skila sem bestum árangri í daglegu starfi þar sem mikil og almenn málörvun fer fram. Allt starfsfólk þarf að tileinka sér samræmd vinnubrögð við að efla mál og læsi allra leikskólabarna. Grípa þarf allar aðstæður sem gefast í leik og starfi til að skapa þörf barna fyrir málleg samskipti. Þannig eru allir starfmenn samábyrgir um að efla öll leikskólabörn í íslensku, hvetja þau og veita þeim tækifæri til að taka þátt í samræðum.

Hér að neðan er greint frá þeim áherslum sem skipta mestu máli í hverjum aðstæðum fyrir sig auk þess sem búið er að setja þær upp sjónrænt á aðgengilegan hátt fyrir starfsfólk að vinna eftir (sjá fylgiskjöl 15 – 22).

5.1.1. Matur

- Borðstjórar leggja á borð með aðstoð kennara, farið er yfir fjöldahugtök, afstöðuhugtök og orðaforða tengdan matmálstímum.
- Borðvísa er sungin, farið er yfir aðalrétt og meðlæti dagsins og börnunum boðið að gjöra svo vel.
- Borðvísur tengjast máhljóði vikunnar (Lubbi finnur málbein) eða árstíð og skipt er um vísu vikulega.
- Áhersla er lögð á samræður og samskipti við matarborðið. Umræðuefni tengist þá bæði leikskólastarfinu og börnin eru hvött til að segja frá eigin lífi.
- Ef börnin vilja meira eru þau spurð opinna spurninga um hvað þau vilja. Þannig gefst þeim tækifæri til þess að orða óskir sínar.
- Við matarborð á yngri deildum er auk þessa notuð tjáskiptaleiðin Tákni með tali.



Mynd: 19: Skemmtilega skreytt brauð

5.1.2. Fataklefi

- Farið er með 3-6 börn í senn í fataklefa. Með því að hafa litla hópa gefst betra tækifæri til samskipta og hvert barn fær meiri athygli kennara.
- Sjónrænt skipulag er notað til að börnin öðlist meira sjálfstæði, skipulagsfærni og sjálfsbjörg.
- Börnum er kennt að biðja um aðstoð ef þau þurfa hana og kennari leiðir þau áfram með því að spyrja opinna spurninga eins og: Hvað ertu búinn að klæða þig í? Hvað er næst? Hvað vantar?
- Með yngri börn sem þurfa meiri aðstoð við að klæða sig og eru komin styttra í máltöku leggur kennari orð á athafnir: Nú ertu kominn í úlpuna. Næst ferðu í hægra stígvélið. Eigum við að finna húfuna?



Mynd: 20: Sjálfstæð vinnubrögð í fataklefa

5.1.3. Salerni

- Orð eru sett á athafnir til að undirbúa barnið fyrir það sem gerist næst.
- Sjónrænt skipulag er notað til að börnin öðlist meira sjálfstæði, skipulagsfærni og sjálfsbjörg.



Mynd: 21: Handþvottur er mikilvægur þáttur í hreinlæti

- Börnum er kennt að biðja um aðstoð ef þau þurfa hana og kennari leiðir þau áfram með því að spyrja opinna spurninga eins og: Hvað gerirðu næst?
- Með yngri börnum er farið yfir til dæmis líkamsheiti, spjallað eða sungið við bleiuskipti.

5.1.4. Samverustundir

- Í samverustundum er lögð áhersla á grunnfærni boðskipta og sameinaða athygli.
- Börnin eru boðin velkomin í samverustund.
- Fara yfir skipulag samverustundar með myndrænum vísbendingum.
- Byrja hverja samverustund á teygjum og öndun.
- Fara yfir boðskiptareglur Bínu.
- Talað um bókstaf og máhljóð vikunnar og syngja viðeigandi Lubbalag.
- Sögustund (bók, loðtafla, sögupokar). Spurt út úr og börnin hvött til að taka þátt.
- Sönglög mánaðarins.
- Fara yfir það sem gert var í samverustund og þakka fyrir samveruna.
- Hugmyndir að innlögn ef hentar: dagskipulag, veðurfar, óvæntar upptakomur, hljómvinna, ART.



Mynd: 22: Bókalestur í samverustund



Mynd: 23: Loðtöflusaga í samverustund



Mynd: 24: Sögupokar í útikennslu

5.1.5. Hvíld

- Á eldri deildum taka börnin þátt í að undirbúa hvíld og eru þá tækifæri notuð til að þjálfa orð og hugtök sem tengjast athöfninni.
- Hvert barn á sinn eigin stað í hvíld með teppi og kotta.
- Í hvíld tala börn og kennarar lágum rómi.
- Hlustað er á slökunartónlist.
- Kennarar liggja með börnunum og skapast þannig tækifæri til að veita hlýju og uppbyggingu góðra tengsla.
- Mikilvægt er að vekja börn í rólegheitum og gefa þeim góðan tíma.
- Eftir hvíld eru börn endurnærð og tilbúin til nýrra verka.



Mynd: 25: Hvíld

5.1.6. Leikur

- Í leik er lögð áhersla á að kennari sé nálægt börnunum. Þannig gefast tækifæri til þátttöku hans í leiknum, dýpka og auka orðaforða í tengslum við leikefnið. Til dæmis segir barn: „bíll keyra“, þá svarar kennari: „Já rauði bíllinn er að keyra á götunni“
- Kennari nýtir tækifærin til samræðna í takt við umræður og leik barna. Til dæmis leikur barn með form og spaða, þá segir kennari: „Þú ert að baka gómsæta köku, má ég smakka?“
- Bækur eru ávallt aðgengilegar börnunum og í boði.



Mynd: 26: Leikur með vatn og sápu í útiveru

5.1.7. Hópastarf

Í hópastarfi er unnið með málörvun, hreyfingu, útikennslu, sköpun og tónlist. Unnið er í litlum hópum, 4-8 börn háð aldri og getu hópsins.

- Börnin eru boðin velkomin í hópastarf.
- Boðskiptareglur Bínu eru rifjaðar upp eftir þörfum.
- Farið er yfir skipulag hópastarfsins með sjónrænum vísbendingum.
- Unnið er með viðfangsefni hópastarfsins samkvæmt skipulagi.
- Í lok tímans er upprifjun og þakkað fyrir hópastarfið.



Mynd: 27: Gripið í bók í leik



Mynd: 29: Teikna og skrifa



Mynd: 28: Dúkkum sinni á læknastofu



Mynd: 30: Bókasafnsheimsókn

5.1.8. Málörvunarstundir

Málörvunarstundir eru vikulega á öllum deildum. Í þeim er meðal annars unnið með bókstaf og málhljóð vikunnar (Lubbi finnur málbein).

- Heilsa Lubba.
- Virk hlustun til dæmis hlusta á umhverfishljóð eða fela hlut sem gefur frá sér hljóð.
- Vinna með málhljóð vikunnar, æfa lag og hreyfingu.
- Farið er í verkefni eða leik tengdan málhljóðinu.
- Orðaforði tengdur málhljóði vikunnar eða því sem er til umfjöllunar er lagður inn.
- Unnið er með þætti sem tengjast hljóðkerfisvitund:
 - Á yngri deildum er lögð áhersla á að klappa atkvæði, rím og fyrsta hljóð í orði.
 - Á eldri deildum er til viðbótar unnið með samsett orð, hljóðgreiningu, orðhlutaeyðingu og farið í leiki með málhljóð.



Mynd: 31: Lesið um málhljóð vikunnar



Mynd: 33: Spilað í málörvunarstund




Mynd: 32: Spilað samstæðuspil í málörvunarstund

6. Námsefni

Í leikskólanum er notast við myndrænt skipulag til þess að gera umhverfið skýrara fyrir öll börn og auka fyrirsjáanleika. Myndrænt skipulag fangar betur athygli barna og kemur þar af leiðandi frekar í veg fyrir misskilning. Mörg börn skilja myndir betur en talað mál og geta stutt sig við myndirnar þegar þau verða óörugg. Á deildum er dagskipulagið sýnilegt þannig að allir geti gengið að því vísu. Einnig er notast við myndrænar leiðbeiningar varðandi hegðun til dæmis þegar vinna þarf með félagslega færni svo sem að skiptast á, bíða og taka

saman. Námsefni leikskólans, bæði bækur og spil eru flokkuð (sjá kafla 6.4.) og aðgengilegt öllu starfsfólki en eftirfarandi námsefni er notað markvisst á öllum deildum.



Mynd: 34: Dæmi um myndrænt skipulag

6.1. TMT

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem var upphaflega þróuð fyrir börn með mál- og þroskaröskun. Aðferðin byggir á að notuð eru einföld hreyfitákn til stuðnings töluðu máli. Táknin eru að mestu leyti náttúruleg svo sem bendingar, látbragð og svipbrigði en auk þess eru notuð tákn úr táknmáli heyrnarlausra. Mikilvægast er að tákna lykilorð hvernar setningar þannig að boðskapurinn komist auðveldlega til skila. TMT nýtist meðal annars fólki sem hefur tal- og málörðugleika af öðrum orsökum en heyrnarleysi og eins hefur það nýst vel í fjölmennningarlegu umhverfi til dæmis í leik- og grunnskólum. TMT eykur almennan málskilning og máltjáningu ungra barna og veitir stuðning þeim sem sérstaklega þurfa á honum að halda (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2018).



Mynd: 35: Tákn með tali forrit

Síðustu árin hafa um 30-40% nemenda leikskólans haft annað móðurmál en íslensku. Með því að nota Tákn með tali fyrstu árin fá allir nemendur sömu tækifæri til þess að skilja, tjá sig og tileinka sér íslensku óháð þjóðerni. Yngri deildir leikskólans Undraland, Draumaland og Óskaland hafa lagt mikla áherslu á notkun Tákn með tali í öllu starfi með nemendum. Táknin eru gerð sýnileg í umhverfi barnanna þannig að öllum starfsmönnum verði tamt að tileinka sér notkun þeirra. Tákn eru límd inn í lestrarbækur og notuð með sönglögum. Unnið er með sömu bækur og lög eina viku í senn til þess að festa notkun tákna í minni barna og kennara.

6.2. Bína

Boðskiptapættir Bínu koma upprunalega úr bókunum um Bínu bálreiðu eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006; Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2007; Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2008). Sögupersónan Bína, sem er dúkka, veit ekki hvernig á að haga sér og verður því stundum reið og kastar sér öskrandi í gólfið. Í framhaldinu lærir hún undirstöðupætti boðskipta og þá fer henni að líða betur. Bækurnar byggja á reynslu höfundar af vinnu með börnum sem hafa verið greind með málþroskaraskanir, en algengt er að þau börn eiga erfitt með að fylgjast með og skilja þess vegna ekki til hvers er ætlast af þeim. Þau geta því átt í erfiðleikum með hegðun og eru jafnvel talin óhlýðin og erfið í samskiptum. Sýnt hefur verið fram á að hegðunarvandi barna geti þróast vegna þess að þau eru með málþroskaröskun og eiga erfitt með að tjá sig með orðum (Ásthildur Bj. Snorradóttir, e.d.).

Á öllum deildum leikskólans eru myndir af Bínu og undirstöðupáttum boðskipta. Farið er yfir þættina í upphafi samverustunda og þeir nýttir í öllu daglegu starfi.




Boðskiptapættirnir eru eftirfarandi:

- Að sitja
- Að hlusta
- Að passa hendur
- Að bíða
- Að skiptast á
- Að muna

Mynd: 36: Boðskipti Bínu

6.3. Lubbi

Lubbi finnur málbein er íslenskt efni þróað af talmeinafræðingunum Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísfold Gísladóttur. Námsefnið hjálpar börnum, tveggja til sjö ára, að læra íslensku máhljóðin í þeirri röð sem flest börn ná tökum á þeim. Hvert hljóð á sér ákveðna táknræna hreyfingu sem gerir máhljóðin áþreifanleg, auðveldar barninu að para staf við hljóð og brúa þannig bilið á milli bókstafs og máhljóðs. Hljóðanámið fer fram í þrívídd og með samþættingu heyrnar,- sjónar, hreyfi- og snertiskyns verða hljóðin nánast áþreifanleg. Börnin segja hljóðið, gera táknið og horfa á aðra gera táknið á sama tíma. Hljóðanám af þessu tagi eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur því grunn að lestrarnámi (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2015).



Mynd: 37: Bókin *Lubbi finnur málbein*



Mynd: 38: Senda Lubba póst

Hjá yngstu börnunum er áherslan lögð á innlögn hljóðsins og einfalda leiki því tengdu. Eftir því sem aldur og þroski eykst verða kröfurnar meiri og farið er ítarlegra í efni bókarinnar svo sem sögurnar og ferð Lubba um landið og margskonar aukaefni tengt máhljóðinu. Ef börn glíma við framburðarfrávik er auk þess notast við tákni máhljóðanna í daglegu tali til að leggja áherslu á það máhljóð sem barnið þarf að styrkja.

Frá upphafi leikskólagöngu er unnið markvisst með hljóðanámi í gegnum Lubba. Í upphafi skólaárs er sett niður áætlun yfir máhljóð hvernar viku en allar deildir vinna með sama máhljóð á sama tíma. Þannig næst að fara í gegnum bókina á hverju skólaári og hvert barn nær því að fara í gegnum öll máhljóðin og innlögn þeirra allt að fimm sinnum á sinni leikskólagöngu. Bókstafirnir og máhljóð þeirra eru lögð inn í málörvunarstundum, unnið með þau í samverustundum og við matarborð þar sem hljóð vikunnar er rifjað upp og viðeigandi Lubbalag sungið.



Mynd: 39: Púslað með Lubba

6.4. Flokkun

Bókasafn leikskólans er flokkað í 12 flokka eftir því hvaða málþætti er verið að vinna með og hefur hver flokkur sinn eigin lit. Þannig er hægt að ganga að viðeigandi málörvunarefni á vísam stað.

6.4.1. Bókasafn

Bókaáhuigi	Bækur sem hvetja börn til lesturs og að skoða bækur og myndir en eru ekki hentugar til bóklesturs. T.d. bækur með mörgum myndum, alfræðibækur, dýrabækur.	
Setningagerð	Vel skrifaðar bækur sem sýna góðar setningar og einfalda og rétta uppbyggingu setninga. Markmið: Að kenna nemanda að tengja saman orð í mismunandi langar setningar t.d. Ég mála, bíllinn er þungur.	
Almenn málörvun	Góðar bækur sem gott er að lesa en falla ekki undir aðra flokka. Bækurnar eru hvetjandi til lesturs og með góða uppbyggingu. Bækur sem gott er að lesa í litlum og stórum hópum.	
Viðeigandi boðskipti/ Félagsfærni	Bækur þar sem áhersla er á að kenna boðskipti og þjálfva félagsfærni s.s. hlusta, bíða, gera til skiptis, muna, táknrænn leikur. Kurteisi, samskipti og líkamstjáning.	
Orðflokkar/So, lo, no	Auka orðaforða og kenna virka orðanotkun í tengslum við nánasta umhverfi. Orðaforði er öll þau orð sem við notum í tungumálnu til þess að sýna hugtakaþekkingu.	SO - Segja frá því sem einhver gerir. Dæmi: Hundurinn er að hlaupa, bakarinn bakar köku. LO - Lýsa hlutum, verum eða fyrirbærum. Þau standa oft með nafnorðum og lýsa þeim nánar. Dæmi: Rauður bíll, falleg kisa NO - eru nöfn eða heiti hluta í umhverfinu okkar. Dæmi - stóll, borð, draugur, Hekla
Hljóðkerfisvitund	Rím, hljóðtenging, hljóðgreining, margræð orð, samsett orð, orðhlutaeyðing, framburður og bókstafir.	
Skema/Eftirherma/ Endurtekning	Með orðinu skema er átt við skipulegt þekkingarmynstur. Til eru nokkrar gerðir skema. T.d. Sjálfsskema, skema yfir annað fólk, skema yfir hlutverk og skema yfir aðstæður.	
Spurningar /neitun	Bækur þar sem áherslan er á spurningar eða neitun í setningu. Dæmi: Viltu gefa mér mjólk að drekka? Nei, ég vil ekki gefa þér mjólk litla svarta kisa.	
Andheiti	Eru orð sem hafa andstæða merkingu Dæmi: Svart - hvítt, lítill - stór, sumar - vetur, heitt - kalt.	
Litir/form	Bækur sem fjalla um liti. Dæmi: Gulur, rauður, grænn og blár.	Bækur sem fjalla um form. Dæmi: Hringur, ferningur, keila
Fjöldahugtök	Röðun, flokkun, fjöldi, stærðarhugtök, tölustafir, talnaskilningur. Markmið: að nemandinn þjálfist í notkun talna og fjölda	
Afstöðu hugtök	Þar sem áhersla er á afstöðu hluta. Dæmi: Bangsinn er undir stólnum, kötturinn er fyrir aftan kassann.	

6.4.2. Spil og leikir

Að spila spil byggir á boðskiptareglum leikskólans:	Boðskiptareglurnar hennar Bínu.
Setningagerð	Byggir á málfræðireglum sem segja til um hvernig orð eiga að raðast upp í setningar.
Almennur málskilningur	Málfræði er samansafn af reglum sem einkenna hefðbundna málnotkun. Markmiðið er að kenna nemandanum að tala í málfræðilega réttum setningum.
Orðaforði	Auka orðaforða og kenna virka orðanotkun í tengslum við nánasta umhverfi. Orðaforði er öll þau orð sem við notum í tungumálinu til þess að sýna hugtakaþekkingu.
Hljóðkerfi/framburður	Er hæfileikinn til þess að geta hugsað og talað um máhljóð og hljóðkerfi málsins. Klappa atkvæði, rímað og fundið fyrsta hljóð orða og finna stafina í orðum. Framburður er sá hæfileiki til að geta borið máhljóðin rétt fram.
Heyrnarminni	Tileinka sér, geyma og geta kallað fram heyrnrænt hljóðmyndur, bæði úr langtíma og skammtímaminni felur meðal annars í sér að geta endurtekið orð og fari eftir fyrir mælum.
Stærðfræði og litir	Spil sem fjalla um liti. Markmið: að nemandinn þjálfi í notkun talna og fjölda. Röðun, flokkun, fjöldi, stærðarhugtök, tölustafir, talnaskilningur.



Mynd: 40: Spilastund


7. Reglubundnar skimanir, athuganir og próf

Í leikskólanum er lögð áhersla á að fylgjast náið með þroskaferli barna. Til þess notum við eftirfarandi matstæki og ef niðurstöður þeirra gefa tilefni til er farið í nánari athuganir á þroska.

7.1. TRAS

TRAS er norskur skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með listanum er leitað eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga (Menntamálastofnun, e.d.). Listinn tekur til eftirfarandi átta atriða:

- Samleikur og félagsfærni
- Tjáskipti og samskipti
- Athygli og einbeiting
- Málskilningur
- Málvitund
- Framburður
- Orðaforði
- Setningamyndun



Mynd: 41: TRAS



Mynd: 42: Lesið fyrir dúkkur

Leikskólakennarar með réttindi til notkunar fylla listann út tvisvar á ári frá 2,2 ára–4,8 ára. Niðurstöður eru nýttar til að upplýsa foreldra um stöðu barns í foreldraviðtölum og við val á íhlutunarleið ef þörf er á (sjá fylgiskjal 23).

7.2. Orðaskil

Orðaskil er málproskapróf sem ætluð er börnum á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára. Prófið er sett upp sem gátlisti yfir orðaforða barna og sýnir einnig hvort þau hafi náð tókum á beygingarkerfi og setningarmyndun tungumálsins (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, e.d.).

Foreldrar barna á leikskólanum fylla orðaforðagátlistann út í kringum 30 mánaða aldur eða þegar börnin eru um tveggja og hálfis árs. Deildarstjóri sérkennslu sér um að reikna út niðurstöður prófsins og sendir heim bréf með niðurstöðum (sjá fylgiskjal 24). Ef niðurstöður fara marktækt undir meðaltal eru foreldrar boðaðir á fund með deildarstjóra og deildarstjóra sérkennslu þar sem farið er yfir stöðu barnsins (sjá fylgiskjal 25).



Mynd: 43: Leikið með lauf í útikennslu

7.3. HLJÓM-2

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem notað er til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna við fimm ára aldur með það að markmiði að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir. Það hefur sýnt sig að niðurstöður úr HLJÓM-2 hafa tengsl við samræmd próf í fjórða, sjöunda og tíunda bekk grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2011). Prófið er lagt fyrir í leikskólanum í október og er skipt upp í sjö námsþætti:

- Rím
- Samstöfur
- Samsett orð
- Hljóðgreining
- Margræð orð
- Orðhlutaeyðing
- Hljóðtenging



Mynd: 44: HLJÓM-2

Niðurstöðurnar skiptast í góða færni, meðal færni, slaka færni eða mjög slaka færni (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002). Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður prófsins í foreldraviðtölum í október og fá allir hugmyndalista yfir aðferðir sem hægt er að nota til að örva mál- og hljóðkerfisvitund barns (fylgiskjöl 26 og 27). Þá er niðurstöðum skilað til grunnskólans á sérstökum skilafundi þannig að þar sé hægt að bregðast við með viðeigandi inngripum.

Í þeim tilfellum þar sem börn koma út með slaka eða mjög slaka færni þá eru foreldrar fengnir til aukinnar samvinnu við að vinna heima og þeim bent á námsefni og hugmyndir sem nýtast börnunum vel. Í leikskólanum er unnið sérstaklega með þessa þætti og er prófið síðan lagt aftur fyrir í janúar. Unnið er samkvæmt verklagsreglum um niðurstöður HLJÓM-2 (sjá fylgiskjal 28).

8. Viðbrögð við frávikum og íhlutunarleiðir

Eitt af markmiðum leikskólans er að stuðla að góðri samvinnu við foreldra og því leggur starfsfólk leikskólans áherslu á að ef foreldrar hafa áhyggjur af þroska barns síns er þeim alltaf velkomið að ræða áhyggjur sínar við deildarstjóra og er deildarstjóri sérkennslu settur inn í málið ef óskað er eftir. Eins eru verkferlar sérkennslu virkjaðir ef niðurstöður úr matstækjum (*Orðaskil*, *TRAS* eða *HLJÓM-2*) leiða í ljós frávik hjá barni. Verkferlar sérkennslu (sjá fylgiskjal 29) voru endurskoðaðir haustið 2020 í samvinnu við leikskólana á þjónustusvæði Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu. Þar kemur fram hvaða ferlum er fylgt ef um er að ræða áhyggjur eða slakar niðurstöður úr matstækjum.

Þegar frávik eða áhyggjur koma í ljós eru foreldrar boðaðir á fund með deildarstjóra og deildarstjóra sérkennslu þar sem staða barnsins er rædd og kortlögð. Á fundinum eru sett námsmarkmið (sjá fylgiskjal 30) þar sem ábyrgð hvers og eins er gerð skil. Unnið er markvisst með slaka þætti inni á deild og ef ástæða þykir til er jafnframt veitt sérkennsla þar til barnið hefur náð næganlegri færni. Sérkennslan fer þá fram í litlum hóp með öðrum börnum sem þurfa sambærilega þjálfun og/eða með einstaklingsþjálfun. Hér á eftir er farið yfir þau matstæki sem notuð eru til að leggja frekara mat á vanda barns og helstu íhlutunarleiðir sem notaðar eru þegar um frávik er að ræða.

8.1. Málhljóðamælir

Ef grunur vaknar um framburðarfrávik hjá barni er hægt að leggja fyrir *Íslenska málhljóðamælinn* til að fá betri sýn á vandanum. Málhljóðamælirinn er smáforrit sem ætlað er að forprófa börn á leik- og grunnskólaaldri til að meta framburð barns og hvaða málhljóð eða hljóðasambönd þarf að vinna með. Málhljóðamælirinn gefur upplýsingar um stöðu barnsins og hvaða málhljóð þarf að þjálfva með tilliti til hljóðavitundar því hún er mikilvæg í umskráningarferli fyrir læsi (Bryndís Guðmundsdóttir, 2013).



Mynd: 45: Íslenski málhljóðamælirinn


8.2. Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn

Smábarnalistinn er skimun sem metur þroska barna á aldrinum 15-38 mánaða með því að afla upplýsinga varðandi mál- og hreyfifærni barna frá mæðrum þeirra enda er listinn staðlaður hérlendis þannig að eingöngu mæður svara. Í Smábarnalistanum eru 144 staðhæfingar um mál- og hreyfiþroska barna og í honum eru fimm undirpróf en þeim er síðan skipt í tvo þætti, hreyfiþátt og málþátt:

- Grófhreyfingar
- Fínhreyfingar
- Sjálfsbjörg
- Hlustun
- Tal



Mynd: 46: Smábarnalistinn



Íslenski þroskalistinn er skimun sem er eingöngu ætlaður mæðrum til útfyllingar og metur þroska þriggja til sex ára barna. Listinn byggist á 208 staðhæfingum sem skiptast í sex undirflokk:

- Grófhreyfingar
- Fínhreyfingar
- Sjálfsbjörg
- Hlustun
- Tal
- Náám

Mynd: 47: Íslenski þroskalistinn

Þessum undirflokkum er skipt í tvo þætti: hreyfiþátt og málþátt. Hreyfiþáttur er byggður á grófhreyfingum, fínhreyfingum og sjálfsbjörg. Málþáttur er síðan byggður á hlustun, tali og námi barnsins. Niðurstöðurnar eru mælikvarði á almennan þroska barns og er því um að ræða mat móður á þroska þess (*Íslenski þroskalistinn* og *Smábarnalistinn*, e.d.).

Áður en málum er vísað til skólaþjónustu eða annarra sérfræðinga fylla mæður út annan hvorn listann eftir aldri barns og er hann sendur með beiðnum sem fylgiskjal. Eins er listinn lagður fyrir ef grunur um víðtækan vanda vaknar.

8.3. Íhlutunarleiðir

Eins og fram kom í upphafi kaflans eru námsmarkmið sett í samvinnu við foreldra og deildarstjóra þegar um frávík er að ræða. Ef árangur af námsmarkmiðum er ekki ásættanlegur eða nánara mat á vanda barns leiðir til frekari áhyggja er næsta skref að vísa málinu áfram til skólaþjónustu og í kjölfarið er stofnað teymi í kringum málefni barnsins. Unnið er áfram að settum markmiðum með ráðgjafa skólaþjónustu og er það hans að meta hvort þörf sé á frekari aðkomu sérfræðinga. Niðurstöður sérfræðinga nýtast við gerð einstaklingsnámskráar (sjá fylgiskjal 31). Umsjón með gerð einstaklingsnámskrár er í höndum deildarstjóra sérkennslu í samráði við foreldra og deildarstjóra, hér að neðan er farið yfir helstu íhlutunarleiðir sem notaðar eru þegar um frávík er að ræða.



Mynd: 48: Gefðu 10

8.3.1. Gefðu 10

Gefðu 10 er einföld aðferð þróuð til þess að auka samtal og samskipti við fjölyngd börn með því að gefa þeim jákvæð, málörvandi samskipti í 10 mínútur á dag. Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið er skapað námstækifæri út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni. Aðferðin miðar að því að allt starfsfólk á deildinni gefur barninu 10 daglega, til dæmi 10x1 mínútu, 5x2 mínútur eða lengur (Fríða B. Jónsdóttir, e.d.). Í leikskólanum er aðferðin notuð sem íhlutunarleið til að efla málþroska og auka samskipti og öryggi barns.

8.3.2. AEPS

AEPS matskerfið (e. Assessment, evaluation and programming system for infants and children) er ætlað til að meta getu barna frá fæðingu til sex ára aldurs og hvaða færni barnið þarf aðstoð við að þjálfra. *AEPS* skoðar sex þætti; fín- og grófhreyfingar, athafnir daglegs lífs, vitsmunabátt, félagsleg tjáskipti og félagsleg samskipti. *AEPS matskerfið* skoðar barnið eins og það er og þannig má finna námsmarkmið við hæfi. Niðurstöður *AEPS* auðvelda starfsfólki með að ákvarða hvaða þroskaþætti þarf að þjálfra og er góð undirstaða þegar verið er að skipuleggja viðeigandi inngrip ásamt því að gerð einstaklingsnámskráa verður auðveldari. Markmið listans er að gera öllum sem koma að barninu auðveldara með að taka þátt í mati á færni þess, markmiðssetningu, að velja leiðir að markmiðum og meta árangur íhlutunar. Matskerfið er byggt upp með áherslu á gott samstarf milli foreldra og leikskóla þegar markmið inngrips eru ákvörðuð (Bricker, 2002). Ráðgjafi skólaþjónustu aðstoðar leikskóla við fyrirlögn og markmiðasetningu eftir þörfum hverju sinni.

8.3.3. TEACCH

TEACCH (e. Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children) líkanið er heildstæð þjónusta fyrir einstaklinga með einhverfu eða skyldar boðskiptaraskanir og fjölskyldur þeirra. Þjónustan/íhlutunin er sérstaklega sniðin að þörfum, færni og áhuga hvers og eins. Meginmarkmið er að auka færni, þekkingu og þátttöku í samfélaginu. Unnið markvisst með þætti sem styrkja frumkvæði og sjálfstæði einstaklingsins.



Mynd: 49: Dæmi um vinnu í skipulagðri kennslu

Skipulögð kennsla er sú kennsluaðferð sem þróuð hefur káletraverið innan TEACCH. Aðferðin snýst um að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, sjónrænt vinnu- og boðskiptakerfi og veita þannig yfirsýn yfir hvað er í vændum. Markmiðið er að gera barnið færara um að framkvæma hluti án stuðnings fullorðinna og virkja sjálfstæði þeirra í mismunandi aðstæðum þrátt fyrir skort á frumkvæði (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d.).

8.3.4. Heildstæð atferlisþjálfun

Atferlisíhlutun er markviss, árangursrík og viðurkennd leið sem hefur verið þróuð til þess að byggja upp margvíslega færni hjá börnum og nýtist meðal annars við kennslu barna með frávík í þroska.

Áhersla er á að barnið öðlist sem mest sjálfstæði, geti notið hæfileika sinna, átt gefandi samskipti við aðra og lifað sem innihaldsríkustu lífi.

Atferlisíhlutun fer ýmist fram í beinni eða náttúrulegri kennslu. Bein kennsla er til þess að kenna nýja eða flókna færni sem krefst töluverðrar athygli frá barninu. Færnin er brotin niður í lítil skref, sem eru kennd á kerfisbundinn hátt og síðan tengd saman í flóknari athafnir. Náttúruleg kennsla er notuð til þess að kenna barninu færni í náttúrulegu umhverfi þess. Kennari fylgir eftir áhuga og frumkvæði barnsins (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d.).

9. Lokaorð

Snemmtæk íhlutun í máli og læsi skiptir miklu máli og því fyrr sem hægt er að grípa inn í þeim mun betra.

Óhætt er að segja að þessi handbók hafi verið unnin á óvenjulegum tímum alls kyns takmarkana og orsakaði það meðal annars það að færri starfsmenn komu að handbókarvinnunni en við hefðum viljað og eins höfðu foreldrar lítið um málið að segja. Mesta hugmyndavinnan var unnin af skólastjórnendum og deildarstjórum. Á fundum þeirra voru línurnar fyrir handbókina lagðar. Öll tölvuvinna og uppsetning handbókarinnar var að mestu unnin í fimm manna teymi sem hélt utan um útgáfunu.

